

AUGLÝSING

um framlengingu bans við innflutningi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma- yfirvöldum um upprætingu á Avian Influenzu í Bandaríkjunum, sem er skæður fugla- sjúkdómur sem borist getur í menn og ekki hefur greinst á Íslandi, er bann það sem sett var 24. febrúar sl. við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, framlengt til föstudagsins 23. apríl 2004.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. apríl 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.